

Skýrsla um gagnsæi 2023

Rýni endurskoðun ehf., kt. 610909-1080

Síðumúla 23, 108 Reykjavík, Ísland



Efnisyfirlit

| | | |
|-----------|---|----------|
| A. | Almennar upplýsingar..... | 3 |
| 1. | Félagsform | 3 |
| 2. | Eignarhald | 3 |
| 3. | Erlent samstarf | 3 |
| 4. | Stjórnskipulag | 4 |
| 5. | Fjárhagsupplýsingar | 4 |
| 6. | Starfskjör eigenda | 4 |
| B. | Innra gæðaeftirlitskerfi..... | 5 |
| 7. | Yfirlit..... | 5 |
| 8. | Endurmenntun..... | 6 |
| 9. | Óhæðisreglur..... | 6 |
| C. | Einingar tengdar almannahagsmunum..... | 7 |
| D. | Staðfesting stjórnenda..... | 8 |
| E. | About Baker Tilly International | 9 |

A. Almennar upplýsingar

1. Félagsform

Rýni endurskoðun ehf. var stofnað í ársbyrjun 2013 um rekstur á endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtæki. Stofnendur félagsins voru Gunnar Þór Ásgeirsson og Kristinn Kristjánsson.

Félagið er einkahlutafélag með skráða starfsemi: Reikningshald, bókhald, endurskoðun og skattaráðgjöf.

Félagið hefur hlotið starfsleyfi sem endurskoðunarfyrirtæki hjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Endurskoðendanúmer félagsins er EF-2013-004.

2. Eignarhald

Eigendur félagsins eru:

Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi

Kristinn Kristjánsson, löggiltur endurskoðandi

3. Erlent samstarf

Í mars 2013 var félagið samþykkt sem aðildarfélag Baker Tilly International og hefur félagið starfað frá þeim tíma sem Rýni endurskoðun ehf. og Baker Tilly Rýni.

Í desember 2018 kynnti Baker Tilly International nýtt vörumerki og markmið. Samhliða nýjum markmiðum tók stór hluti aðildarféлага upp starfsheitið Baker Tilly og var Rýni eitt af þeim félögum.

Baker Tilly International er alþjóðlegt net sjálfstæðra fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar en markmið félagsins er að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu. Með samstarfi við Baker Tilly International þá hefur Rýni aðgang að alþjóðlegu endurskoðunararkerfi sem og aðferðafræði við endurskoðun sem byggir á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Ein af kröfum Baker Tilly er að aðildarfélögin sæti reglubundnu eftirliti á innri gæðaeftirlitskerfum sínum, sem er stýrt af sérfræðingum Baker Tilly International.

Með aðildinni að Baker Tilly International hefur Rýni aðgang að faglegu efni og þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningshalds, skattamála, ráðgjafar ofl. Einnig getur félagið leitað eftir aðstoð hjá sérfræðingum Baker Tilly um úrlausn flókinna viðfangsefna.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Baker Tilly International, www.bakertilly.com

4. Stjórnskipulag

Samkvæmt samþykktum félagsins fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd hlutahafa og ræður framkvæmdarstjóra sem hefur ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Það er einn maður í stjórn félagsins, Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi. Hann er einnig hluthafi í félaginu.

Framkvæmdarstjóri félagsins, Kristinn Kristjánsson, löggiltur endurskoðandi, er hluthafi í félaginu og varamaður í stjórn.

5. Fjárhagsupplýsingar

Heildarvelta félagsins á rekstrarárinu 2022 var kr. 204,4 millj. Seld þjónusta sundurliðast þannig:

Tekjur af endurskoðun til eininga sem tengjast almannahagsmunum, kr. 5,4 millj.

Tekjur af endurskoðun til annarra aðila, kr. 55,6 millj.

Tekjur af þjónustu, annarri en endurskoðun, til annarra aðila, kr. 143,4 millj.

6. Starfskjör eigenda

Starfskjör eigenda eru ákvörðuð af stjórn fyrirtækisins í upphafi hvers starfsárs og þau taka mið af ábyrgð þeirra gagnvart skilgreindum mælikvörðun sem tengjast viðskiptavinum annars vegar og ábyrgð á innra starfi og stjórnun hins vegar.

B. Innra gæðaeftirlitskerfi

7. Yfirlit

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/2019 ber endurskoðunarfyrtækjum að hafa formlegt gæðakerfi.

Félagið hefur innleitt gæðastjórnunarkerfi sem er í samræmi við alþjóðlegan gæðastaðal, ISQC, sem tryggir að endurskoðun sé í samræmi við lög um endurskoðendur og alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Kerfið tekur einnig mið af siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics) sem og alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun í verkefnum (International Standard on Auditing, ISA 220). Gæðaeftirlitskerfið inniheldur þá meginþætti sem gæðaeftirlitskerfi eiga að innihalda samkvæmt ISQC 1, en þeir eru eftirfarandi:

- Ábyrgð stjórnenda á gæðamálum
- Siðferðilegar kröfur, þar með talið óhæðiskröfur
- Samþykki nýrra og áframhaldandi viðskiptasambanda
- Mannauðsmál
- Framkvæmd verkefna/gæðaeftirlit verkefna
- Vöktun

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur er endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti á grundvelli áhættugreiningar eigi sjaldnar en á sex ára fresti.

Endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu sæta gæðaeftirliti á grundvelli áhættugreiningar eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Fram til 31. desember 2019 giltu um þetta ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Rýni endurskoðun ehf. sætti gæðaeftirliti á árinu 2016 sem lauk með skýrslu gæðaeftirlitsmanna dags. 12. janúar 2017 og staðfestingu frá Endurskoðendaráði á fyrri hluta árs 2017. Engar athugasemdir voru gerðar við gæðakerfi Rýni endurskoðunar ehf. og mat ráðsins að gæðakerfi félagsins væri í samræmi við 9. gr. laga nr. 78/2008 um endurskoðendur.

Auk innra gæðaeftirlits félagsins og eftirlits Endurskoðendaráðs sæta aðildarfyrtæki Baker Tilly International reglulegum skoðunum á innra gæðaeftirliti fyrirtækisins.

8. Endurmenntun

Félagið telur að verulegur hluti af hæfni og kunnáttu fáiast í gegnum dagleg störf. Fræðsla og símenntun starfsmanna er unnin samkvæmt fræðsluáætlun, sem gerð er fyrir hvert rekstrarár, og staðfest af viðkomandi stjórnendum. Fræðsluáætlun tekur mið af þörfum og stöðu félagsins og hlutverki starfsmanna. Starfsmenn okkar sækja námskeið á vegum háskólanna, Félags löggiltra endurskoðenda auk námskeiða sem fyrirtækið stendur fyrir.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Rýni endurskoðun ehf. heldur skrá utan um endurmenntun starfsmanna sinna í samræmi við fyrrnefnda lagagrein.

9. Óhæðisreglur

Félagið hefur verklagsreglur varðandi framkvæmd og eftirlit endurskoðunarverkefna sem fylgja þarf ef óhæði er ógnað eða vanhæfi kemur upp.

Framkvæmdarstjóri hefur yfirumsjón með því að allir starfsmenn félagsins fylgi eftir faglegum kröfum um óhæðismál samkvæmt verklagsreglum Baker Tilly International, siðareglum endurskoðenda og íslenskum lögum.

Endurskoðunarfyrimæli varðandi könnun á óhæði á skipulagningarstigi kveða á um að endurskoðandinn skuli kanna aðra vinnu sem unnin er fyrir viðkomandi viðskiptavin og hvort sú vinna stangist á við þá endurskoðunarvinnu sem fyrirhuguð er.

Ákvæði um óhæði, þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Árlega er óskað eftir staðfestingu frá starfsfólki um að það hafi yfirfarið og kynnt sér óhæðisreglur félagsins og hvort starfólk uppfylli skilyrði óhæðisreglna gagnvart þeim verkefnum sem það hefur tekið að sér á undangengnu ári.

Verklagsreglur varðandi framkvæmd og eftirlit endurskoðunarverkefna taka einnig á þagnarskyldu starfsmanna í endurskoðunarverkefnum og meðferð trúnaðarupplýsinga. Ákvæði um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga eru í ráðningarsamningum allra endurskoðunarverkefna félagsins.

C. Einingar tengdar almannahagsmunum

Samkvæmt 3. tl. 2. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun eru eftirtaldir aðilar flokkaðir sem einingar tengdar almannahagsmunum:

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki.
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.
- e. Lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Einnig lögaðili sem hefur rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- f. Stórnotandi, dreifiveita eða flutningsfyrirtæki samkvæmt skilgreiningum raforkulaga sem telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga. Einnig lögaðili sem starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga, eða hitaveitu samkvæmt skilgreiningu orkulaga, og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- g. Lögaðili sem hefur flugrekstrarleyfi samkvæmt lögum um loftferðir og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- h. Lögaðili sem hefur leyfi til rekstrar fjarskiptanets samkvæmt lögum um fjarskipti og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.
- i. Lögaðili sem sinnir farmflutningum samkvæmt siglingalögum og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga.

Eftirfarandi er skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem Rýni endurskoðun ehf. annaðist lögboðna endurskoðun fyrir vegna ársreiknings 2022:

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

D. Staðfesting stjórnenda

Samkvæmt 13.gr. reglugerðar ESB nr. 537/2014 skulu endurskoðunarfyrirtæki sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi.

Stjórn og stjórnendur Rýni endurskoðunar ehf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að öll þau atriði sem kveðið er á um í 13. grein reglugerðar nr. 537/2014 komi fram í skýrslunni.

Stjórnendur félagsins lýsa því yfir að skilvirkni innra gæðaeftirlitskerfis félagsins sé virkt og í samræmi við ákvæði framangreindra reglna.


Stjórnendur félagsins staðfesta jafnframt að þeim óhæðisreglum sem félaginu ber að fylgja og lýst er í skýrslunni hafi verið framfylgt.

Reykjavík, 30. apríl 2023

Stjórn Rýni endurskoðunar ehf.



Framkvæmdarstjóri



E. About Baker Tilly International

Baker Tilly International is one of the world's leading networks of independently owned and managed accountancy and business advisory firms united by a commitment to provide exceptional client service.

Every day, 41,200 people in 145 territories worldwide help privately held businesses and public interest entities meet challenges, proactively respond to opportunities and stay competitive. International capability and global consistency of service are central to the way we work.

What We Stand For

- We lead by example.
- We deliver a quality service with an emphasis on integrity.
- We are open and honest in our communications.
- We act ethically.
- We foster teamwork and collaboration.
- We maintain a supportive environment in which our individuals can flourish.

A Team Approach

- It is the strong relationships between member firms that are the key factors that enable us to overcome time and cross border complexities to deliver a quality service.
- Our service approach is based around a global lead partner who serves as the single point of contact for a client, irrespective of the size of engagement, co-ordinating all work being carried out by the independent member firms and ensuring it is completed to the highest standards, within budget and deadline.
- Regional and territory lead partners provide local services and the expertise and understanding necessary to navigate the unique dynamics of each of the market-places where we do business.

www.bakertilly.global | Combined revenues US\$4.7bn |

Offices 703 | Territories 145 | People 41,200

Rýni endurskoðun ehf.
Síðumúla 18
108 Reykjavík
Iceland

T: + 354 510 2000

www.bakertilly.is
info@bakertilly.is

Rýni endurskoðun ehf. trading as Baker Tilly is an independent member of Baker Tilly International. Baker Tilly International Limited is an English company. Baker Tilly International provides no professional services to clients. Each member firm is a separate and independent legal entity and each describes itself as such. Rýni endurskoðun ehf. is not Baker Tilly International's agent and does not have the authority to bind Baker Tilly International or act on Baker Tilly International's behalf. None of Baker Tilly International, Rýni endurskoðun ehf., nor any of the other member firms of Baker Tilly International has any liability for each other's acts or omissions. The name Baker Tilly and its associated logo is used under licence from Baker Tilly International Limited.